



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 12. apríl 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 64. fundar þriðjudaginn 12. apríl 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 6. apríl 2005.
2. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9. mars 2005.
3. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6. apríl 2005.
4. Samningur um byggingar þjónustuhúss í Brautarhvammi.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 119. fundar bæjarráðs í 8 liðum frá 5. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin var borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð menningar- og safnanefndar í 5. liðum frá 9. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga var lögð fram. "Þar sem fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9. mars sl. hefur í för með sér útgjöld án þess að fjárhagsáætlun einstakra liða liggja fyrir vísar bæjarstjórn afgreiðslu þeirra liða til frekari úrvinnslu í nefndinni". Tillagan borin upp og samþykkt með 5 atkv. 2 sátu hjá. Þá var fundargerðin borin upp að öðru leyti, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6. apríl sl. í 5. liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga var lögð fram. "Þar sem fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6. apríl sl. hefur í för með sér útgjöld án þess að fjárhagsáætlun einstakra liða liggja fyrir vísar bæjarstjórn afgreiðslu þeirra liða til frekari úrvinnslu í nefndinni". Tillagan borin upp. Hún var samþykkt með 5 atkv. 1 var á móti og 1 sat hjá. Þá var fundargerðin borin upp að öðru leyti, hún var samþykkt með 6 atkv. samhljóða, 1 sat hjá.
4. Samningur um byggingu þjónustuhúss í Brautarhvammi. Endanleg samningsupphæð er kr. 11.956.836- og skal framkvæmdum lokið eigi síðar en 15. júní 2005. Bæjarstjóra var falið að undirrita samninginn f.h. bæjarstjórnar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna G. Jónasdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Sigurður Jóhannesson
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Ragnar Ingi Tómasson